

STJÓRNARTÍÐINDI B 124 – 2005

14. október 2005

1933

Nr. 920

AUGLÝSING

um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 23. gr. laga nr. 57/1999, um búnaðarfræðslu, hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum búfræðsluráðs, gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra, sbr. fylgiskjal við auglýsingu þessa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. október 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atili Már Ingólfsson.

Fylgiskjal.

Skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Starfsmenntun:

Búfræðingur. 2 ár til 79 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í búfræðum.

Garðyrkjufraeðingur af blómaskreytingabraut. 2 ár til 86 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í blómaskreytingum og meðhöndlun afskorinna blóma og potta-plantna.

Garðyrkjufraeðingur af garðplöntubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun garð- og skógarplantna.

Garðyrkjufraeðingur af skrudgarðyrkjubraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Lögfest idngrein í byggingu garða og viðhaldi þeirra.

Garðyrkjufraeðingur af skógræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði skógræktar.

Garðyrkjufraeðingur af umhverfisbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði umhverfistækni, einkum í framleiðslu og nýtingu moltu.

Garðyrkjufraeðingur af ylræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.

Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun grænmetis, afskorinna blóma og pottaplantna.

Háskólanám:

Diploma í garðyrkjutækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).

Diploma í skógræktartækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).

Diploma í skrudgarðyrkjutækni 30-45 einingar (60-90 ECTS).

B.S. próf í búvísindum. 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á almenna náttúrufræði (180 ECTS).

B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á náttúrunýtingu (180 ECTS).

B.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði með áherslu á skógfræði og landgræðslu (180 ECTS).

B.S. próf í skógfræði.

B.S. próf í landnýtingu.

B.S. próf í umhverfisskipulagi (180 ECTS).

Cand. agric. kandídatpróf í búvísindum. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand. agric. kandídatpróf í landnýtingu. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand. agric. kandídatpróf í skógfræði. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Cand. agric. kandídatpróf í umhverfisskipulagi. 4 ár til 120 eininga (240 ECTS).

Framhaldsnám til annarrar háskólagráðu:

M.S. próf í búvísindum. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í landnýtingu. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í skógfræði. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í umhverfisskipulagi. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

M.S. próf í náttúru- og umhverfisfræði. 2 ár til 60 eininga (120 ECTS).

HÓLASKÓLI

Starfsmenntun.

Hestafræðingur og leiðbeinandi. 9 mánuðir til 45 eininga.

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í hrossarækt og reiðmennsku.

Sérhæfð fagmenntun.

Tamningamaður. Diploma í búnaðarfræðum. 9 mánuðir til 30 eininga (60 ECTS).

Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í tamningum og hjálfun hrossa.

Reiðkennari og þjálfari. Diploma í búnaðarfræðum. 5 mánuðir til 15 eininga (30 ECTS).
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í keppnishjálfun hrossa og reiðkennslu.

Háskólanám:

Diploma í fiskeldisfræðum, fiskeldisfræðingur. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).

Diploma í ferðamálafræðum dreifbýlis. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).

B.S. próf í fiskeldi og fiskalíffræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.A. próf í ferðamálafræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hábær 38.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 28. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbæjarhverfi vegna lóðarinnar að Hábae 38.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Krosshamrar 9 – 9a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 28. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahverfi vegna lóðanna Krosshamra 9 og 9a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gullengi 2 – 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 4. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Engjahverfi, vegna lóðarinnar Gullengi 2 – 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 18. október 2005.

Helga Bragadóttir.